

Fundargerð skólaráðs Holtaskóla

Fundurinn haldinn í Holtaskóla og á Teams fimmtudaginn 15. október 2020.

Mættir: Helga Hildur Snorradóttir skólastjóri, Unnar S. Sigurðsson aðstoðarskólastjóri, Björn Víkingur Skúlason og Bryndís Gísladóttir fulltrúar kennara, Karólína Björg Óskarsdóttir fulltrúi starfsfólks, Óliver Már Elvarsson og Rúna Björg Sverrisdóttir fulltrúar nemenda. Rúnar Ingi Hannah fulltrúi foreldra, Hrafnhildur Hilmarsdóttir fulltrúi grendarsamfélagsins. Kolbrún Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa
2. Starfsáætlun skólans
3. Upphaf skólaárs
4. Skólareglur
5. Heilsueflandi grunnskóli

1. Kynning fulltrúa

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og kynnti fulltrúa.

2. Starfsáætlun

Farið var yfir starfsáætlun Holtaskóla og hún samþykkt og undirrituð yfirlýsing þess efnis.

3. Upphaf skólaárs

Skólastjóri fór yfir hvernig skólaárið hefur farið af stað m.a. starfsmannamál, Covid-19, framkvæmd samræmdu könnunarprófa í 4. og 7. bekk og notkun Chromebook. Einnig var rætt um framkvæmdir á skólahúsnæði, innra mat m.a. vegna úttekta MMS s.l. vetur og heilsueflandi grunnskóli.

4. Drög að nýjum skólareglum kynnt. Skólareglurnar munu fara í endurskoðun fljótlega.